

Reykjavík, 12. nóvember 2019

## Niðurstaða athugunar á opinberri fjárfestingarráðgjöf

Fjármálaeftirlitið hóf í mars 2019 athugun á opinberri fjárfestingarráðgjöf hjá Landsbankanum hf. („bankinn“ hér eftir). Niðurstaða lá fyrir í í október 2019.

Markmið athugunarinnar var að skoða hvort bankinn uppfylli þau skilyrði sem gilda um opinbera fjárfestingarráðgjöf skv. 25. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og reglum nr. 1013/2007 um opinbera fjárfestingarráðgjöf.

Skoðað var hvort bankinn hefði sett sér skriflega verkferla um gerð og birtingu opinberrar fjárfestingarráðgjafar. Þá voru tilteknar greiningar valdar handahófskennt af lista bankans yfir allar greiningar frá árinu 2018 og skoðaðar, m.a. hvort staðreyndir sem settar voru fram væru skýrlega aðgreindar frá túlkun, mati og skoðun þess aðila sem birtir ráðgjöf og að nöfn þeirra aðila sem bera ábyrgð á og vinna að ráðgjöf kæmi fram. Skoðað var hvort öll hagsmunatengsl væru tilgreind við birtingu, svo og hvort birtar væru upplýsingar um aðstæður sem gætu haft áhrif á hlutleysi ráðgjafar. Einnig var skoðað hvernig eftirliti með birtingu ráðgjafar væri háttað.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem Fjármálaeftirlitið aflaði vegna athugunarinnar reyndist bankinn uppfylla að mestu þau skilyrði sem gilda um opinbera fjárfestingarráðgjöf skv. 25. gr. laga nr. 108/2007 og reglum nr. 1013/2007. Athugunin leiddi hins vegar í ljós annmarka varðandi auðkenni þeirra einstaklinga sem bera ábyrgð á og vinna opinbera fjárfestingarráðgjöf. Fjármálaeftirlitið gerði því athugasemd við að ekki kæmi fram í öllum greiningum hver bæri ábyrgð á vinnu við opinbera fjárfestingarráðgjöf sbr. 3. gr. reglna nr. 1013/2007. Í andmælaferlinu kom meðal annars fram í svörum og gögnum bankans að innra eftirlit bankans hefði gert athugasemd við framangreint atriði og að brugðist hefði verið við því í síðustu greiningu ársins, þ.e. í desember 2018. Í ljósi framgreinds telur Fjármálaeftirlitið að bankinn hafi þegar brugðist við ofangreindri athugasemd og telur ekki þörf á frekari úrbótum.